

Nefndarsvið Alþingis
154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal 12 — 12. mál.



Reykjavík 20. nóvember 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi).

Stjórn Dýraverndarsambands Íslands (DÍ) **styður eindregið** ofangreint frumvarp um bann við blóðmerahaldi.

Blóðtaka úr fylfullum hryssum eins og hún er framkvæmd byggir á því að 5 lítrar blóðs séu teknir vikulega í allt að 8 vikur, eða um 15-20% heildarblóðmagns með viku millibili úr hverri hryssu. Þetta er mikið blóðtap þegar litið er til alþjóðlegra viðmiða. Engar óháðar rannsóknir eru til hér á landi um áhrif þessarar miklu blóðtöku á hryssur, heldur hafa yfirvöld alfarið treyst á upplýsingar frá fyrirtækinu Ísteka ehf. sem er beinn hagsmunaaðili og því siðferðislega vanhæft til mats í magni blóðtöku.

Þar sem þessar blóðtökur eru framkvæmdar vikulega í allt að 8 vikur fá þessar hryssur lítinn tíma til að jafna blóðgildi sín. Alþjóðleg viðmið gera ráð fyrir a.m.k. tveggja vikna millibili milli blóðtaka þegar tekið er 10% heildarblóðmagns¹. **Ljóst er að sú blóðtaka sem framkvæmd er hér á landi í blóðmerahaldi fer langt umfram alþjóðleg viðmið, bæði að magni og tíðni sem er fullkomlega óviðunandi.** Um er að ræða mikið álag fyrir þessar hryssur sem eru vel að merkja fylfullar og gera má fastlega ráð fyrir að blóðtökurnar hafi veruleg neikvæð áhrif á velferð þeirra og heilsu.

Tilgangur blóðmerahalds er framleiðsla á hormóninu *Pregnant mare serum gonadotropin* (PMSG) sem unnið er úr blóði fylfullra hryssna. Lyfjaefnið er notað sem frjósemislyf, aðallega fyrir svín í þaueldi og veldur því að tími á milli gangmála hjá gyllum styttist og fjöldi grísa í hverju goti eykst. Þetta lyf orsakar mikið álag á gyttur og veldur auknum grísadauða þar sem grísir komast ekki allir á spena sem er siðferðilega rangt með tilliti til náttúrulegs eðli dýranna. Ljóst er að þetta lyf sem framleitt er úr hormóni úr íslenskum hryssum hefur slæm áhrif á velferð dýra sem haldin eru í aðstæðum þaueldis og eykur á þjáningu þeirra.

Í reglugerð 900/2022 um blóðtöku úr fylfullum hryssum er ekki gerð sú krafa að hryssur sem notaðar eru í blóðtöku skuli hafa hlotið lágmarks tamningu. Þessar hryssur eru almennt haldnar í stórum stóðum þar sem þær eru í lítilli snertingu við manninn og eru flestar lítið eða alveg ótamdar. Það má því gera ráð fyrir að flestar hryssur venjist blóðtökunni í gegnum lært hjálparleysi (e. learned helplessness), bundnar niður á blóðtökubás þar sem þær komast ekki undan. Blóðtökunni fylgir því mikil streita og ótti fyrir þessar hryssur. Benda verður á að jafnframt er illmögulegt að uppfylla ákvæði reglugerðar 910/2014 um velferð hrossa varðandi heilbrigðiseftirlit og reglulega snyrtingu hófa á hrossum sem ekki hafa hlotið lágmarks tamningu.

Blóðtaka úr fylfullum hryssum og meðferð þeirra almennt við blóðtöku (sjá ofangreint) samræmist ekki lögum 55/2013 um velferð dýra, en skv. markmiðum laganna skulu dýr vera laus við vanlíðan, (...), ótta, þjáningu og sársauka í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur.

Þessi starfsemi hefur ekki farið fram hjá nágranna- og samstarfsþjóðum okkar. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lýst því yfir að hún hafi „alvarlegar áhyggjur“ af meðferð á hryssum sem notaðar eru í þessu skyni, en Evrópuþingið hefur kallað eftir því að innflutningur á hormóninu verði bannaður². Benda skal á að þegar er fjöldi viðurkenndra tilbúinna lyfja fáanlegur á lyfjamarkaði sem hafa svipuð áhrif og PMSG. Samtök svissneskra svínaræktenda hafa lýst því yfir að þau muni hætta að nota PMSG og í Þýskalandi eru yfirvöld byrjuð á að kynna dýralæknum og bændum fyrir annarri nálgun en að nota PMSG í svínarækt³. Það sannar að þessi umskipti séu framkvæmanleg.

Með vísan í ofangreint hvetur DÍS stjórnvöld eindregið að banna blóðtöku úr fylfullum hryssum til framleiðslu á PMSG hið fyrsta.

Virðingarfyllt fyrir hönd stjórnar DÍS,

Linda Karen Gunnarsdóttir

Linda Karen Gunnarsdóttir
formaður DÍS

Heimildir

¹ <https://www.nc3rs.org.uk/3rs-resources/blood-sampling/blood-sampling-general-principles>

² https://www.europarl.europa.eu/doceo/document/B-9-2021-0427_EN.html

³ <https://www.mud-tierschutz.de/mud-tierschutz/wissen-dialog-praxis/schweine/brunstsynchronisation-ohne-pmsgcecc>